

# Fundargerð aðalfundar byggðasamlags UTU 2022

## haldinn í Félagsheimilinu Borg 01. nóvember 2022 kl. 15.00

### Fundinn sátu:

Stjórn UTU bs.: Haraldur Þór Jónsson, formaður, Björn Kristinn Pálmarsson, varaformaður og meðstjórnendurnir Nanna Jónsdóttir, Helgi Kjartansson, Jón Bjarnason og Walter Fannar Kristjánsson.

Starfsmenn UTU bs.: Jóhannes Hr. Símonarson frkv. stjóri, Davíð Sigurðsson byggingarfulltrúi og Vigfús Þór Hróbjartsson skipulagsfulltrúi.

Aðrir fundarmenn: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Ásahrepps, Sýlvía Karen Heimisdóttir, fjármálastjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Jón Forni Snæbjörnsson, sv.stjórnarmaður í Bláskógabyggð, Ása Valdís Árnadóttir, Ragnheiður Eggertsdóttir, Smári Bergmann Kolbeinsson og Dagný Davíðsdóttir, sv.stjórnarfólk í Grímsnes- og Grafningshreppi, Árni Eiríksson og Hulda Kristjánsdóttir, sv.stjórnarfólk í Flóahreppi og Daði Geir Samúelsson, sv.stjórnarmaður í Hrunamannahreppi.

Samtals 19 fundarmenn.

### Fundargerð ritaði: Jóhannes Hr. Símonarson

Haraldur Þór Jónsson, formaður UTU bs. setti fund, bauð fundarmenn velkomna og upplýsti um að ekki væri mögulegt að fara yfir fjárhagsáætlun UTU bs. fyrir árið 2023 líkt og boðað hefði verið í útsendri dagskrá þar sem hún væri ekki enn samþykkt af stjórn UTU bs. Því næst fól hann Jóhannesi framkvæmdastjóra að hafa framsögu að öðru leyti skv. áður boðaðri dagskrá.

#### 1. Ársskýrsla UTU bs. 2021

Jóhannes fór yfir ársskýrslu embættisins fyrir árið 2021 ásamt Davíð byggingarfulltrúa og Vigfúsi skipulagsfulltrúa, en ársskýrslan var sett saman af þeim þremur. Í ársskýrslunni var að finna upplýsingar um stjórnarmenn og fjölda stjórnarfundna, upplýsingar um starfsmenn embættisins, fyrirkomulag starfseminnar og helstu rekstrartölur embættisins. Þá var í ársskýrslunni að finna tölulegar upplýsingar yfir helstu lykilkætti embættisins, annars vegar á skipulagssviði og hins vegar á byggingarsviði ásamt hugleiðingum og framtíðarsýn skipulagsfulltrúa annars vegar og byggingarfulltrúa hins vegar.

Þá upplýsti Jóhannes fundarmenn um að mannbreytingar hefðu orðið hjá embættinu nú um mánaðarmótin okt/nóv. Þegar Sólveig Olga Sigurðardóttir hóf störf sem ritari skipulagsfulltrúa í stað Gunnars Arons Ólasonar sem horfið hefur til annarra starfa. Sólveigu Olgu er ætlað að taka við hluta af þeim störfum sem Gunnar Aron hafði áður en einnig að aðstoða Elísabetu Dröfn Erlingsdóttur við lóðastofnanir og leiðréttingar því tengdu. Fundarmenn lýstu yfir ánægju með að efla ætti starfsemina tengt lóðamálum þar sem tölulegar upplýsingar sýndu árlega aukningu í þeim hluta starfseminnar og að þar væri helst að finna flöskuhálsa í starfseminni. Fundarmenn lýstu þó almennt yfir mikilli ánægu með gott starf starfsmanna og gott gengi UTU bs. þessi misserin.

#### 2. Ársreikningur UTU bs. 2021

Jóhannes fór yfir ársreikning embættisins fyrir árið 2021 sem undirritaður var af stjórn UTU bs. þann 11. maí 2022. Ársreikningurinn var unnin og endurskoðaður af Pricewaterhouse-Coopers ehf.

#### 3. Önnur mál

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Flaira ekki rætt og sleit Haraldur Þór Jónsson stjórnarformaður fundinum kl. 16:05